



# SNÆFELLSBÆR

Par sem jökulinn ber við loft...

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b.t. Hinriks Greipssonar  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Snæfellsbær, 18. nóvember 2016

Tilv. bréfs 29204

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 17. nóvember 2016, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 31. október 2016, varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2016/2017.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissandi, Rifi og Ólafsvík), þá verði farið eftir reglugerð Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 8. júlí 2016, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2016/2017.

Þó óskar bæjarráð Snæfellsbæjar eftir því að gerðar verði þrjár breytingar á úthlutunarreglum fyrir byggðakvóta í Snæfellsbæ. Þær eru eftirfarandi:

- 1) Í 1.gr., C lið breytist orðalagið úr „í viðkomandi byggðarlagi“ í „í viðkomandi sveitarfélagi“:
- 2) Í 4.gr., 1.mgr. (6. lína), breytist orðalagið úr „í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ í „í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags“.
- 3) Í 6.gr., 1.mgr. (1. lína), breytist orðalagið úr „innan hlutaðeigandi byggðarlags“ í „innan hlutaðeigandi sveitarfélags“.

Rök bæjarráðs Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst  
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Lilja Olafardóttir, bæjarritari

